

GJALDSKRÁ

um hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Af hundum í Mosfellsbæ skal bæjarsjóður Mosfellsbæjar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ, nr. 332/1998, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráning	kr. 12.000
Skráning eftir útrunnin frest, sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald	kr. 18.000
Bráðabirgðaskráning	kr. 5.000

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 12.500 sé hundur skráður á árinu skal innheimta hlutfallslegt eftirlitsgjald fyrir þá mánuði sem eftir eru ársins.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, kr. 21.500. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar, geymslu eða aflífunar viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. janúar ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðis- eftirliti Kjósarsvæðis er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessar skv. nánari reglum sem bærarstjórn setur. Bærarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bærarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bærarstjórnar Mosfellsbæjar hér með samkvæmt 3. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ, nr. 332/1998 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mosfellsbæ, 12. janúar 2009.

Stefán Ómar Jónsson, framkvæmdastjóri stjórnisylsusviðs.